


Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. ágúst 2011
UST20110800073/hmj

Efni: Snjóflóðavarnir við Klif á Patreksfirði

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Staðhættir á framkvæmdasvæði

Fram kemur í greinargerð að fyrirhugað er að reisa þvergarð til varnar ofanflóðum og grjóthruni ofan byggðar á svæði sem nefnist Klif og er staðsett milli Vatnseyrar og Geirseyrargils. Fjallið ofan við Klif nefnist Brellur og er bratt og skriðurunnið og svæði með upptakahalla fyrir snjóflóð eru víðáttumikil. Framkvæmdasvæðið er um 2,2 ha og liggur í 25 – 55 m h.y.s. Svæðið afmarkast af bröttum hlíðum Brellna til norðausturs og byggðinni við Aðalstræti og Stekka til suðurs. Byggðin við Klif stendur mjög nálægt fjallinu og er blönduð íbúðahúsum og þjónustubyggingum. Framkvæmdasvæðið samanstendur að mestu af lausum jarðefnum og skriðum og hefur því að hluta verið raskað. Jarðmyndanir innan svæðisins eru ekki taldar njóta sérstakrar verndunar. Samkvæmt gróðurkorti aðalskipulags Vesturbýggðar er svæðið við Klif á Patreksfirði og fyrirhugað framkvæmdasvæði skilgreint sem mólendi, graslendi og ræktað land. Samkvæmt greinargerð er fuglalíf á svæðinu frekar rýrt og fornminjar er ekki að finna innan svæðisins. Á Patreksfirði eru A og NA áttir tíðastar yfir vetrarmánuðina. Mesta snjóflóðahætta við Klif skapast við óvenjulegar aðstæður að vetrarlagi og tengist mikilli snjókomu í stillum eða skafrenningi ofan af fjallsbrún í NV átt.

Lýsing á framkvæmd

Lagt er til að byggður verði 250 m langur og 10-12 m hár þvergarður sem verja á 7 byggingar gegn ofanflóðum úr hlíðum Brellna. Efnisnám er fyrirhugað staðbundið ofan garðssvæðis en þar að auki verður efni í kjarna varnargarðsins flutt úr opinni námu í Raknadalshlíð. Heildarrúmmál garðsins er áætlað 42.000 m³, toppur garðsins verður 3 m breiður og 1,2 m há öryggisgríðing verður sett við brúnina sem veit upp í hlíðina. Svæðið umhverfis varnargarðinn hefur verið skipulagt til að draga sem mest úr sjónrænum áhrifum


varnarvirkisins. Jafnframt hefur svæðið verið mótað með þeim hætti að það nýtist til útvistar eins og kostur er.


Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif sem munu hljótast af framkvæmdinni vegna jarðrasks, þ.e. áhrif á gróður, jarðmyndanir og sjónræn áhrif. Fram kemur í greinargerð að leitast verði við að græða upp svæðið og auka fjölbreytileika þess til að vega upp á móti því gróðuraski sem hlýst af framkvæmdinni. Orðrétt segir á bls. 11: „Lagt hefur verið til að umfeðmingur, baunagras og vallerta verði gróðursett í hlíðum varnargarðsins í þeim tilgangi að auka fjölbreytileika og flýta bindingu jarðvegs“. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegast er að nota staðargróður til slíkrar uppræðslu en ekki gróðursetja plöntutegundir sem ekki finnast náttúrulega á svæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir með því er fram kemur í greinargerð að umfangsmestu umhverfisáhrifin sem hljótast af framkvæmdinni eru sjónræn áhrif, en í greinargerð eru þau talin vera talsverð, neikvæð, varanleg og óafturkræf. Jafnframt segir í greinargerð að framkvæmdaraðili muni draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkja með landmótun og skipulagi svæðis milli byggðar og varnargarðs. Umhverfisstofnun ítrekar í því sambandi að fara þurfi eftir 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem segir að við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Að framansögðu telur Umhverfisstofnun því að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif samkvæmt 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Halla M. Jóhannesdóttir